

Samgöngunefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 133/1274  
komudagur 28.2.2007

Mývatnssveit 27.02.2007

Efni: Samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010.

Mýflugi hf hefur borist til umsagnar samgönguáætlun fyrir árin 2007- 2010. Við yfirferð áætlunarinnar verður ekki séð að gert sé ráð fyrir fjármunum til lagfæringar á sjúkraflugvöllum og veldur það verulegum vonbrigðum. Mýflug hf tók við sjúkrafluginu um áramótin 2005-2006. Til verkefnissins var keypt jafnþrýstibúin hraðfleyg skrúfupota af gerðinni Beechcraft King air. Mjög góð reynsla er af rekstri slíkra flugvéla hér á landi en Flugmálastjórn hefur um árabil rekið slíka flugvél. Í útboði sjúkraflugs á Íslandi var getið þeirra flugvalla sem teljast skulu sjúkraflugvellir. Strax var ljóst að ástand þeirra var misjafnt allt frá því að vera í sumum tilfellum gott til þess að vera slæmt. Að einu ári loknu hjá Mýflugi sem handhafa sjúkraflugsins á Íslandi er ljóst að tiltölulega lítið þarf að framkvæma á sjúkraflugvöllum til að ástandið geti talist nokkuð gott.

Fyrstan skal telja upp flugvöllinn á Norðfirði. Hann er lagður malarlitlagi sem verður til þess að á vorin og í bleytutíð á haustin verður hann ófær vegna aurbleytu. Ekki þarf að tíunda um mikilvægi flugvallarins á Norðfirði með tilliti til sjúkraflugsins vegna staðsetningar Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað. Þá hefur sjúkraflugum til Norðfjarðar fjölgað á síðasta ári saman borið við síðustu ár og er líklegt að með eflingu byggðar í Fjarðabyggð eystra fjölgi sjúkraflugum enn meir. Það er því afarmikilvægt að leggja bundið slitlag á flugvöllinn á Norðfirði og setja á hann lýsingu eigi hann að þjóna sem sjúkraflugvöllur allt árið.

Þá ber að nefna flugvöllinn á Raufahöfn. Hann var á síðasta sumri dæmdur ónothæfur af yfirflugstjóra Mýflugs hf. Að sögn umdæmisstjóra Flugmálastjórnar á norðurlandi stóð til að lagfæra hann á síðasta sumri og var fjármagn tiltækt til verksins. Ekki tókst að fá verktaka til verksins og því varð ekkert úr framkvæmdum.

Væntanlega verður af framkvæmdum á þessu ári og treystir félagið á það.

Flugvöllurinn á Hólmavík er í þokkalegu ástandi en þar vantar lítillaga uppá að yfirborð vallarins sé nægilega bundið og virðist sem fína efnið í yfirborðið vallarins sé að mestu fokið burt.

Undirritaður fyrir hönd Mýflugs hf sem handhafa sjúkraflugsins treystir því að samgöngunefnd Alþingis tryggi fjármuni til þeirra lagfæringa sem hér er lýst. Ekki virðist um háar fjárhæðir að ræða en skemmdir á sjúkraflugvélinni sem rekja má til lélegra flugbrauta verða fáum til hagsbóta og þegar vísa þarf sjúklingi á annan flugvöll en næstur er vegna lélegs ástands flugbrautar veldur það mikilli gremju heilbrigðisstarfsmanna.

Virðingafyllst  
f.h. Mýflugs hf

Leifur Hallgrímsson